

# Vegminjar Norður- og Norðausturland



Arna Björk Stefánsdóttir fyrir Vegagerðina í mars 2019

# Vegminjar

## Norður- og Norðausturland

Forsíðumynd: Gamli Dalatangaviti. Ljósmyndari: Arna Björk Stefánsdóttir.

Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af höfundi nema annað sé tekið fram.

Verkefnið er unnið fyrir Vegagerðina með styrk frá rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Það er prentað í tveimur eintökum auk þess sem pdf-útgáfa fylgir útgáfunni.


Höfundur skýrslunnar ber ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundur starfa hjá.

# Efnisyfirlit

---

|                                 |    |
|---------------------------------|----|
| Vegminjakort                    | 4  |
| Inngangur                       | 6  |
| Glerá á gamla þjóðvegi          | 9  |
| Eyjafjarðará                    | 12 |
| Vaðlaheiði                      | 15 |
| Fnjóská                         | 17 |
| Bakkaá á Tjörnesi               | 21 |
| Skjálfandafljót hjá Fosshóli    | 25 |
| Jökulsá á Fjöllum               | 28 |
| Gilsá á Jökuldal                | 31 |
| Jökulsá á Brú hjá Hákonarstöðum | 35 |
| Eyvindará við Egilsstaði        | 39 |
| Slenjubrú                       | 42 |
| Dalatangavitar                  | 45 |
| Gilsá á Völlum                  | 49 |
| Lagarfljótsbrú                  | 52 |
| Jökulsá á Dal hjá Fossvöllum    | 55 |
| Miðfjarðará á Langanesi         | 58 |
| Heimildaskrá                    | 61 |

# Vegminjakort



1. Glerá á gamla Þjóðvegi - Minjabrú
2. Eyjafjarðará - Minjabrú
3. Vaðlaheiði - Minjavegur/Þjóðleið
4. Fnjóská - Minjabrú
5. Bakkaá á Tjörnesi- Minjabrú
6. Skjálfandafljót hjá Fossóli - Minjabrú
7. Jökulsá á Fjöllum - Minjabrú
8. Gilsá á Jökuldal - Minjabrú
9. Jökulsá hjá Hákonarstöðum - Minjabrú
10. Eyvindará við Egilsstaði - Minjabrú
11. Slenja - Minjabrú
12. Dalatangaviti - Viti
13. Gilsá á Völlum - Minjabrú
14. Lagarfljót - Minjabrú
15. Jökulsá á Dal hjá Fossvöllum - Minjabrú
16. Miðfjarðará Langanesi - Minjabrú

# Inngangur

---

Haustið 2012 var unnin skýrsla á vegum Vegagerðarinnar um minjar stofnunarinnar, núverandi stöðu þeirra og framtíðarsýn. Vegagerðin á fjölda gamalla mannvirkja og muna sem mikilvægt er að skrá með kerfisbundnum hætti auk þess sem meta þarf varðveislugildi þeirra.

Minjum Vegagerðarinnar má skipta í eftirfarandi flokka:

1. Vegkaflar: Brýr, gamlir vegir og vegkaflar, vitar og þjóðleiðir.
2. Vélar og tæki: Almenn tæki í vegagerð og sérhæfð tæki.
3. Búnaður og munir: Vegbúnaður, verkfæri, vinnubúðir, teikningar, kort, skrifstofubúnaður og fleira.
4. Myndir: Ljósmyndir, myndir frá framkvæmdum, kvikmyndir, brúamyndir og myndir af eftirminnilegum persónum.
5. Skráðar sögur og frásagnir: Skipulagssagan, verkhættir, æviágrip, vegavinnu-myndir og rafræn skjöl.

Að beiðni minjanefndar Vegagerðarinnar var ráðist í heildarskráningu á munum í eigu stofnunarinnar vorið 2014. Markmið verkefnisins er að veita Vegagerðinni yfirsýn yfir þær vegminjar sem til eru í fórum stofnunarinnar og meta verndargildi þeirra. Tilgangurinn er að fá sem heildstæðasta mynd af þeim munum sem geta talist til vegminja hér á landi. Niðurstöðu skýrslunnar verður hægt að nýta til að móta framtíðarstefnu varðandi minjavernd hjá Vegagerðinni.

Vinnu við skráningu vegminja var skipt í tvo áfanga. Í fyrri áfanga (2014-2015) voru munir í eigu Vegagerðarinnar skráðir (munir í flokki 2, 3, 4 og 5). Vinnu við þessa skráningu lauk í mars 2015 og var niðurstöðum skilað í munaskrá/skýrslu sem aðgengileg er á vefsíðu Vegagerðarinnar. Í öðrum áfanga (sem hófst í apríl 2015) var sjónum beint að skráningu vegminja umhverfis landið (munir í flokki 1). Árið 2015-2016 var tekin saman skrá yfir vegminjar á Suðaustur- og Austurlandi og var niðurstöðum skilað í skýrslu til Vegagerðarinnar í mars 2016. Árið 2016-2017 lauk vinnu við skráningu vegminja á Suðvestur- og Vesturlandi. Hægt er að nálgast skýrslurnar á vefsíðu Vegagerðarinnar. Árið 2017-2018 voru skoðaðar vegminjar á Snæfellsnesi, Vestfjörðum og Norðvesturlandi.

Vegminjaskráin sem hér er tekin saman samanstendur af sextán minjastöðum á Norður- og Norðausturlandi. Vegminjarnar dreifast um svæðið frá Akureyri í norðri til Egilsstaða og Jökuldals í austri. Vegminjarnar sem fjallað er um hér eru af fjórum gerðum: Þjóðleiðir og minjavegir, minjabrýr og vitar. Tekin er saman lýsing á einstökum

mannvirkjum, stærð mannvirkis skráð, ef það á við, farið er yfir sögu þess og verndargildi metið. Valdar vegminjar eiga að gefa góða mynd af sögu vegagerðar á Íslandi en forsenda þess að hægt sé að vernda mannvirki er að þau séu áfram í notkun þó nýrri mannvirki hafi tekið við upphaflegu hlutverki þeirra. Gamlar brýr og vegi má nýta áfram sem reið- og gönguleiðir, eins og algengt er. Erfitt er að varðveita gamla vegi ef þeir eru ekki lengur í notkun þar sem vatn og vindar eyða þeim fljótt, sömu sögu má segja um gamlar brýr. Því verður áhersla lögð á að skrá þá vegkafla, vita, brýr og þjóðleiðir sem eru á einhvern hátt enn í notkun og mögulegt er að halda við. Ljóst er að ekki er hægt að vernda allar þær vegminjar sem teknar eru til skoðunar hér. Segja má að þessi skýrsla sé góð heimild um þær vegminjar sem eiga sér framtíðarhlutverk en ekki síður heimild um þær vegminjar sem munu óhjákvæmilega hverfa á næstu árum og áratugum.

Vegminjarnar sem hér eru skráðar eru í mismunandi ásigkomulagi. Sum þessi mannvirki eru enn í notkun, viðhald þeirra er reglubundið og þau munu verða í notkun næstu ár eða áratugi. Ekki þarf að fara í sérstakar aðgerðir til verndunar á þeim. Vegagerðin hefur ráðist í lagfæringu eða endurbyggingu á þremur mannvirkjum á þessu svæði en það eru Fnjóskárbrú sem endurgerð var árið 1993-94, Jökulsárbrú við Hákonarstaði á Jökuldal sem tekin var til endurgerðar á hundrað ára afmæli brúarinnar árið 2008 og brúin yfir Bakkaá á Tjörnesi. Þessar brýr hafa verið endurgerðar til upprunalegs horfs. Huga þarf að framtíðarhlutverki þessara vegminja en öll þessi mannvirki eiga möguleika á framhaldslífi þó upprunalegur tilgangur þeirra sé ekki lengur til staðar. Brýrnar geta nýst sem göngu/reið/innansveitarbrýr. Vegirnir sem göngu/reið/hjólaleiðir. Umferð um þessar minjar er mismikil eftir stöðum, sum mannvirkin munu alltaf verða talsvert notuð, önnur mjög lítið. Meta þarf hvort verndun slíkra mannvirkja sé forsvaranleg nema aldur vegminjanna og saga þeirra gefi sérstakt tilefni til verndunar. Erfitt er að vernda mannvirki sem eru ekki notuð. Nokkur mannvirki á þessu svæði eru komin í flokk friðaðra mannvirkja eða í flokk friðaðra fornminja samkvæmt skilgreiningu Minjastofnunar, þar sem þau eru yfir eitt hundrað ára gömul. Friðuð mannvirki á þessu svæði samkvæmt skilgreiningu Minjastofnunar eru: Fnjóskárbrú (byggð 1908), Jökulsárbrú við Hákonarstaði á Jökuldal (byggð 1908), Eyvindará við Egilsstaði (byggð 1919), hlaðnir stöplar Slenjubrúar (1895), eldri Dalatangaviti (1895) og yngri Dalatangaviti (byggður 1908), brúin yfir Gilsá á Völlum (byggð 1907-8) og brúin yfir Miðfjarðará á Langanesi (byggð 1916). Nokkrar brýr eru nú illa farnar og ráðast þarf í lagfæringu á þeim fljótlega ef þær eiga ekki að glatast á næstu árum. Það eru bogabrúin yfir Glerá á gamla þjóðvegi á Akureyri (byggð 1933), steipt bogabré yfir Gilsá á Jökuldal (byggð 1934), brúin yfir Gilsá á Völlum sem er fyrsta al-

Íslenska stálbrúin hér á landi (byggð 1907-8) og steipt bogabré yfir Miðfjarðará á Langanesi (byggð 1916).<sup>1</sup>

Verkefni af þessu tagi hefur ekki verið unnið hér á landi en til hliðsjónar verður haft verkefni sem norska vegagerðin lét gera um sögulega vegi og brýr í Noregi og er aðgengilegt á vef norsku vegagerðarinnar.<sup>2</sup>

---

<sup>1</sup> Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: [minjastofnun.is](http://minjastofnun.is).

<sup>2</sup> Vefsíða norsku vegagerðarinnar: [vegvesen.no/Fag/Fokusomrader/Miljo+og+omgivelser/Nasjonal+verneplan](http://vegvesen.no/Fag/Fokusomrader/Miljo+og+omgivelser/Nasjonal+verneplan)



# 1. Glerá á gamla þjóðveginum - Minjabrú

---



## Lýsing

---

Gamla brúin yfir Glerá á Akureyri er steinsteypt bogabrú, byggð árið 1933. Hún er 12,75 metra löng og akbrautarbreidd hennar er þrjár metrar.<sup>3</sup> Vegurinn sem brúin liggur yfir heitir Hlíðarbraut.



## Sögulegt yfirlit

---

Glerárbrú á gamla þjóðvegi á Akureyri er bogabrú, byggð árið 1933. Vegurinn sem brúin liggur yfir heitir Hlíðarbraut en þarna lá áður þjóðvegurinn um Akureyri. Gamla brúin er nú aflögð og í slæmu ástandi. Lokað hefur verið fyrir allt aðgengi að henni, umhverfis brúna liggur girðing sem hindrar nú för vegfarenda. Yngri brú sem liggur yfir gömlu Glerárbrúna var byggð árið 1982. Þarna má telja þrjár brýr yfir Glerá, gömlu brúna, yngri brú sem liggur

---

<sup>3</sup> Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá utan þjóðvega



fast upp við gömlu brúna og núverandi brú yfir Hlíðarbraut. Glerá rennur í gegnum Akureyri og eru fjölmargar brýr sem liggja yfir ána. Líklega er Glerá eitt mest brúaða vatnsfall hér á landi, en samtals má finna á annan tug brúa yfir ána.<sup>4</sup>

## Verndargildi

---

Upprunalegar steinbogabrýr frá þessum tíma eru ekki margar hér á landi svo það er vel þess virði að huga að verndun hennar. Gamla brúin yfir Glerá gegnir engu hlutverki í dag, enda er hún afar illa farin eins og ljósmyndir af henni bera glöggt vitni um. Hún nýtist því hvorki sem göngubrú né reiðbrú. Hægt væri að finna brúnni hlutverk til framtíðar, enda er hún merkur minnisvarði um sögu samgangna á fyrri hluta tuttugustu aldar. Brúin gæti átt sér framtíðarhlutverk sem göngubrú undir Hlíðarbraut, enda liggur hún undir fjölfarinni umferðargötu. Þarna má einnig líta fagurt umhverfi og stórfenglega fjallasýn og auðvelt er að ímynda sér að þessi gamla brú gæti orðið aðdráttarafl fyrir ferðafólk, enda hlykkjast Glerá undir brúnni í fallegu gljúfri.



---

<sup>4</sup> Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar, 15. tbl. 2015, bls. 11.



## 2. Eyjafjarðará - Minjabrú

---



### Lýsing

---

Brýrnar yfir Eyjafjarðará við Akureyri eru þrjár talsins. Stysta brúin er 51,05 metra löng, akbrautarbreidd hennar er 2,66 metrar. Næsta brú er 55,3 metrar á lengd, akbrautarbreidd er 2,6 metrar og lengsta brúin er 82,63 metra löng með 2,65 metra akbrautarbreidd. Brýrnar voru á gamla



Norðurlandsvegi en voru aflagðar árið 1986. Þær eru nú notaðar sem göngu- og reiðbrýr.<sup>5</sup>

### Sögulegt yfirlit

---

Eyjafjarðará hafði lengi verið erfiður farartálmi og bygging brúar yfir ána hafði setið á hakanum þó hún væri á langfjölförnustu þjóðbraut á Norðurlandi. Á ánni var ferja sem bar þrjá eða fjóra menn. Haustið 1921 var hafist handa við brúargerðina, en gera varð þrjár brýr því áin rann í þremur álum eða kvíslum þar sem brúnni var valinn staður. Haustið 1922

---

<sup>5</sup> Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá utan þjóðvega.



voru staurarnir steyp-  
ir og vorið eftir voru  
þeir reknir niður, 4-6  
metra. Þeir voru 56 að  
tölu. Stysta brúin var 52  
metrar á lengd, önnur  
brúin var 56 metrar og  
sú lengsta 83 metrar.

Vestasta brúin stóð nokkru hærra en hinar til þess að akfært væri undir hana á ísi. Um haustið 1923 var eftir að steypa við hana austari landbrúna. Ákveðið var að setja þar trébrú til bráðabirgða. Sú brú var látin duga næstu tuttugu árin. Brúarsmiðirnir urðu að hafa hraðar hendur til að ljúka verkinu fyrir veturinn. Það tókst þó tæpt stæði og var brúin tilbúin síðla hausts 1923.<sup>6</sup>



## Verndargildi

---

Brýrnar yfir Eyjafjarðará voru byggðar árið 1923 og því styttist í hundrað ára afmæli þeirra. Þær standa á vinsælu útivistarsvæði um óshólma Eyjafjarðarár og eru því mikilvægar göngufólki og sem reiðleið frá Akureyri, austur um Bíldsárskarð, suður á Melgerðismela og víðar. Brýrnar eru traustar en fljótlega mætti huga að viðhaldi þeirra eins og myndir af brúnum bera með sér.

---

<sup>6</sup> Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 215-219.



### 3. Vaðlaheiði - Þjóðleið/minjavegur

---



#### Lýsing

---

Vaðlaheiðarvegur (vegur 832) liggur yfir heiðina á milli Akureyrar og Fnjóskadal. Vegurinn er um átján kílómetra langur og tengdi áður saman tvö vinsæl ferðamannasvæði, Akureyri og Fnjóskadal. Nú hefur verið lokað fyrir umferð um Vaðlaheiði Fnjóskadalsmegin, en Vaðlaheiði er vinsælt göngu- og útivistarsvæði.



#### Sögulegt yfirlit

---

Yfir Vaðlaheiði lá áður þjóðvegur 1 milli Akureyrar og Fnjóskadal í mörgum beygjum og sveigjum, einkum austan megin en þar voru beygjurnar alls þrettán talsins. Vegurinn lá hæst í um 520 metra hæð og heitir Steinsskarð efst á heiðinni þar sem vegurinn liggur. Bílaumferð hófst yfir Vaðlaheiði árið 1930. Árið 1985 var þjóðvegurinn færður út í Víkurskarð og hætt að mestu að nota gamla Vaðlaheiðarveginn. Nú hafa jarðgöng verið tekin í notkun undir Vaðlaheiði og stytta þau Hringveginn um 16 kílómetra. Ekki er lengur hægt að aka niður í Fnjóskadal af Vaðlaheiði en vegurinn er ágætlega akfær upp heiðina

Eyjafjarðarmegin. Leiðin um Vaðlaheiði er áhugaverð með stórfenglegu útsýni yfir Eyjafjörð og Fnjóskadal, áhugaverðum vegminjum og tengir heiðin saman tvö svæði sem eru vinsæl hjá ferðafólki, Akureyri og Vaglaskóg. Við Akureyri tengist vegurinn Leiruvegi sem liggur yfir leirusvæði Eyjafjarðarar þar sem gömlu brýrnar yfir Eyjafjarðará liggja, en þær voru byggðar árið 1923.<sup>7</sup>



## Verndargildi

---

Um Vaðlaheiði hefur legið alfaraleið milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals allt frá því sögur hófust. Talsverð umferð ferðafólks er um Vaðlaheiðarveg, bæði göngufólks og akandi, aðallega yfir sumartímenn enda er víðsýnt af heiðinni. Vegurinn er vel fær öllum bílum, en nokkuð grófur á köflum.

Ekki þarf að fara í sérstakar aðgerðir til verndunar veginum yfir Vaðlaheiði, einungis er þörf á að halda honum við. Gaman væri að hægt væri að aka yfir heiðina niður í Fnjóskadal.



---

<sup>7</sup> [is.wikipedia.org/Vaðlaheiði](https://is.wikipedia.org/Vaðlaheiði)



## 4. Fnjóská - Minjabrú

---



### Lýsing

---

Brúin yfir Fnjóská er 54,8 metra löng steinsteypt bogabrá, byggð árið 1908. Akbrautarbreidd hennar er 2,4 metrar. Hönnuðir brúarinnar voru Christiani & Nielsen.

Brúin er við norðurmörk Vagla-skógar í þröngu gili, sem áin hefur grafið gegnum melana. Brúin var færð til upprunalegs horfs sem göngubrú árið 1993-1994.<sup>8</sup>



---

<sup>8</sup> [Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá utan þjóðvega](http://Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá%20utan%20þjóðvega).

## Sögulegt yfirlit

---

Brúin yfir Fnjóská er fagurt mannvirki, hár og grannur steinbogi, byggður af dönskum verkfræðingum, Christiani & Nielsen, árið 1908. Brúin er fyrsta brúin sem byggð var úr



járnbentri steinsteypu á Íslandi. Jón Þorláksson lagði fram tvær áætlanir um brú á Fnjóská, annars vegar um jarnbrú, hins vegar um brú úr jarnbentri steinsteypu með jarnhandriði. Samþykkt var tilboð frá Christiani & Nielsen í Kaupmannahöfn um smíði jarnbentrar steinsteyptrar brúar fyrir 30 þúsund krónur. Brúin skyldi vera bogabrá, 55 metra löng. Samningur við Danina var undirritaður 16. janúar 1908 og áætlað að framkvæmdir hæfust um vorið. Um miðjan maí var hafist handa við brúarsmíðina og alls unnu hátt í þrjátíu manns á brúarsvæðinu alla virka daga. Byrjað var á stöplunum, þeim vestari fyrst en samtímis var slegið upp fyrir brúar-bogann. Botnlausar tunnur voru settar í ána og fylltar af grjóti. Það var létt verk enda lítið í ánni. Uppslátturinn var á þremur hæðum eða pöllum. Var sá neðsti hafður það hár að áin næði ekki að brjóta þverborðin þó að yxi í henni. Fyrst báru menn steypuna í austari stöpulinn í pokum á herðum sér

en síðar voru notaðar hjólbörur. Bygging brúarinnar gekk ekki áfallalaust fyrir sig. Þegar byrjað var að steypa bogann, hljóp mikill vöxtur í ána og ruddi hún öllu burt sem byggt hafði verið. Flaut uppslátturinn niður alla á og varð að ganga ána niður að ósum til að tína saman allt timbrið. Danir byrjuðu brúarsmíðina á nýjan leik og héldu verkinu áfram án frekari áfalla. Í septembermánuði var slegið undar brúnni. Boginn varð nú sýnilegur, lengsti steinsteypubogi á Norðurlöndum um langt skeið. Margir undruðust hve þunnur hann var og var sumum ekki rótt þegar þeir fóru yfir hann í fyrsta sinn. Smíði Fnjóskárbrúar markaði tímamót. Hún var síðasta brúin sem útlendir verkfræðingar voru ráðnir til að gera hér á landi langa hríð. Kostnaður við brúarsmíðina nam alls 33.359,29 krónum. Kostnaður við brúarsmíðina nam 30 þúsund krónum en afgangurinn var kostnaður við vegagerð að brúnni, en það verk önnuðust heimamenn. Brúin reyndist langdýrust allra steypubúa á

Íslandi, en þeirri fjárfestingu var vel varið. Brúin var byggð fyrir hestvagnaumferð, reiðmenn og fjárrekstra en var í þjóðbraut allt til ársins 1968 þegar ný, tvíbreið brú nokkru neðar á ánni leysti hana af hólmi. Hún var þó notuð enn um sinn eða allt til ársins 1993 þegar brú var lögð yfir Fnjóská nokkru ofar. Í framhaldi af því var brúin gerð upp og henni komið í upprunalegt horf eins og hægt var.<sup>9</sup>



## Verndargildi

---

Steinsteypta bogabráin yfir Fnjóská við Vaglaskóg er eitt formfegursta mannvirki sem reist var hér á landi á 20. öld. Hún var lengsti steinbogi á Norðurlöndum um langt skeið.<sup>10</sup> Smíði Fnjóskárbrúar markaði tímamót. Hún var síðasta brúin sem útlendir verkfræðingar voru ráðnir til að gera hér á landi langa hríð. Hún hefur verið færð til upprunalegs horfs og verður ferðafólki um Vaglaskóg augnayndi um ókomin ár. Hún er nú einungis notuð sem reið- og göngubrú. Brúin yfir Fnjóská fellur undir ákvæði Minjastofnunar um friðuð hús og mannvirki. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tók gildi 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð.<sup>11</sup>

---

<sup>9</sup> Jóhann Skaptason: *Árbók Ferðafélags Íslands 1969*, bls. 96-97. Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 173-179.

<sup>10</sup> *Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar*, 17. tbl. 2015, bls. 2.

<sup>11</sup> Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: [minjastofnun.is](http://minjastofnun.is)



## 5. Bakkaá á Tjörnesi - Minjabrú

---



### Lýsing

---

Brúin yfir Bakkaá stendur við iðnaðarsvæði kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka skammt utan við Húsavík (vegur 85). Hún er einbreið, steinsteypt bogabrú, 5,5 metra löng og 2,9 metra breið.



### Sögulegt yfirlit

---

Brúin yfir Bakkaá á Tjörnesi er steinsteypt bogabrú, byggð árið 1927. Hún var í notkun fyrir bílaumferð til ársins 1968 en síðustu árin var hún illa farin og hættuleg eins og frétt í Verkamanninum frá árinu 1968 ber með sér:

Þeir sem leið eiga frá Húsavík norður og austur um Tjörnes, þurfa ekki langt að fara til að fá augum litið eitt ömurlegasta fyrirbæri sem finnst um ófremdarástand íslenskra vegamála í dag; en það er brúin yfir Bakkaá á Tjörnesi. Þessi gamla brú er nú komin hátt á fertugsaldur og var á sínum tíma byggð fyrir allt aðra og minni umferð, en nú er orðin um þennan þjóðvegarkafla, sem nú má telja aðra fjölförnustu leið til Austurlands. Það má furðulegt teljast að ekki skuli hafa orðið fleiri slys við þessa gömlu og hrörlegu brú, en raun ber vitni. Brúin sjálf er 2.90 metrar á breidd og handrið hennar fyrir löngu hrunin. Aðkeyrsla að brúnni getur líka verið hættuleg ekki sízt ef um bleytu eða hálfu er að ræða. Þar er ekkert sem stöðvar bíl ef eitthvað ber út af. Í sumar vildi það slys til að bifreið rann út af við annan brúarendann og féll niður í á. Í bifreiðinni voru þrír menn, sem sluppu svo að segja ómeiddir, þó undarlegt verði að teljast, þar sem um hátt fall var að ræða.<sup>12</sup>

Árið 2015 hlaut Vegagerðin viðurkenningu Minjastofnunar fyrir mikilvægt brautryðjendastarf í þágu minjaverndar. Viðurkenningin var veitt Vegagerðinni meðal annars fyrir endurbyggingu brúarinnar yfir Bakkaá á Tjörnesi.<sup>13</sup>



<sup>12</sup> *Verkamaðurinn*. 20. september 1968, bls. 3.

<sup>13</sup> *Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar*, 17. tbl. 2015, bls. 3. Sjá einnig á vefsíðu Minjastofnunar: [Minjastofnun.is](http://Minjastofnun.is).

## Verndargildi

---

Brúin yfir Bakkaá er nú notuð sem göngubrú. Hún hefur verið endurgerð til upprunalegs horfs og ekki er þörf á aðgerðum til verndunar brúnni.







## 6. Skjálfandafljót hjá Fosshóli - Minjabrú

---



### Lýsing

---

Brúin yfir Skjálfandafljót hjá Fosshóli er 70,9 metra löng járngrindarbrú, byggð árið 1930. Hún liggur skammt frá Hringveginum (1) við Goðafoss. Akbrautarbreidd hennar er 2,6 metrar. Hún var í notkun til ársins 1972 og kom í stað eldri timburbrúar frá árinu 1883. Brúin er nú nýtt sem göngubrú á miklu ferðamannasvæði við Goðafoss. Brúin var máluð og ryðvarin árið 1999. Steypa var lagfærð árið 2000.<sup>14</sup>



---

<sup>14</sup> [Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá utan þjóðvega](http://Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá%20utan%20þjóðvega).

## Sögulegt yfirlit

---

Trébrú var reist yfir Skjálfandafljót hjá Fosshóli árið 1883 og enn má sjá hlöðnu brúarstöpla gömlu trébrúarinnar neðan við göngubrúna. Árið 1930 var hafinn undirbúningur að byggingu nýrrar járnbrúar yfir fljótið. Skjálfandafljót var fyrsta stórfljótið sem ráðist var í að brúa hér eftir að Íslendingar urðu fjár síns



ráðandi. Grind brúarinnar hvílir á háum steinsteyptum stöplum sem báðir sitja að nokkru leyti á stöplum gömlu trébrúarinnar. Styttri brýr eru til beggja enda og standa á tveimur okum úr járngrindum, brúin að austanverðu er átján metra löng en sú vestari um sautján metra löng. Núverandi aðalbrú yfir Skjálfandafljót stendur aðeins norðar, hún er 58 metra löng sperrubrú sem tekin var í notkun árið 1972. Gamla brúin er nú notuð sem göngubrú á fjölmönnum ferðamannastöðum við Fosshól og Goðafoss.<sup>15</sup>

## Verndargildi

---

Brúin yfir Skjálfandafljót hjá Fosshóli gegnir mikilvægu hlutverki í tengslum við áningarstað ferðamanna, þar sem ganga yfir gömlu járngrindarbrúna er mikilvægur hluti af upplifun ferðamanna af gljúfrinu neðan við Goðafoss. Brúin var gerð upp árin 1999-2000.



---

<sup>15</sup> *Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar*, 18. tbl. 2013, bls. 7. *Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar*, 17. tbl. 2015, bls. 4. Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 226-231 og 331. Páll Ásgeir Ásgeirsson: *101 Ísland*, bls. 50.



## 7. Jökulsá á Fjöllum - Minjabrú

---



### Lýsing

---

Brúin yfir Jökulsá á Fjöllum er á Hringveginum um Norðurland (1), skammt frá Grímsstöðum á Fjöllum. Hún er einbreið stálhengibrú, 102 metrar á lengd. Akbrautarbreidd hennar er 3,7 metrar. Hæð turna er um 7,5 metrar og breidd þeirra er um 4,8 metrar.<sup>16</sup>



---

<sup>16</sup> [Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá á þjóðvegum](http://Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá_á_þjóðvegum)

## Sögulegt yfirlit

---

Jökulsá á Fjöllum var mikill farartálmi fyrr á öldum. Áin var hvergi talin reið og áður en brúin yfir Jökulsá á Fjöllum var reist á árunum 1946-1947 var ætíð lögferja á ánni. Síðasti ferjumaður á Jökulsá var Haraldur Þórarinsson í Kvistási og starfaði hann sem ferjumaður við brúargerðina. Þegar samið var við brúa- og stálsmiðafyrirtækið Dorman Long um smíði nýrrar Ölfusárbrúar var einnig samið við þá um smíði hengibrúar á Jökulsá á



Grímsstöðum. Alþingi hafði þá samþykkt að ráðast yrði í það verkefni sem fyrst, en sú brúargerð hafði lengi verið á döfinni. Þrettán árum fyrr hafði brúnni verið valinn staður. Var þá gerður nákvæmur uppdráttur af bökkum árinna og síðan fylgst vel með hvort áin breytti sér nokkuð. Það gerði hún ekki. Jökulsárbrú var stærsta verkefni brúarsmiða Vegagerðarinnar sumarið 1946. Vinna við brúarsmiðina hófst um miðjan júní 1946 með smíði verkamannaskála beggja vegna árinna. Um tíu dögum síðar var byrjað að grafa fyrir turnstöpli að vestan. Steypuvinna hófst um miðjan júlí og var lokið við að steypa landstöpla í byrjun ágúst. Hófst þá smíði verkpalla hinna 15,5 metra háu turnstoða. Strengir brúarinnar voru gerðir í smíðjum British Ropes Ltd. og stálbitarnir voru gerðir hjá Dorman Long & Co. Strengir og stálbitar komu til landsins í byrjun september og voru þeir fluttir á brúarstæðið um haustið. Vinna hófst að nýju um

miðjan júní 1947 og störfuðu þrjátíu manns við brúarsmiðina. Gólf brúarinnar var steyppt 12. ágúst og var hún tekin í notkun 20. september 1947. Brúin var sögð mesta brúarmannvirki hér á landi, 104 metrar í einu hafi milli turna. Fjórir stálstrengir voru í hvorri hlið brúarinnar. Brúin var smíðuð samkvæmt uppdráttum sem Árne Pálsson verkfræðingur gerði en hann hafði á hendi verkfræðilega stjórn við smíðina. Aðstoðarmaður hans var Snæbjörn Jónasson verkfræðingur og síðar vegamálastjóri. Verkstjóri var Sigurður Björnsson. Nokkrir Bretar unnu við brúarsmiðina en alls unnu 65

manns við verkið þegar flest var. Kostnaður nam 2,2 milljónum króna. Brúin var vígð 11. júlí 1948.<sup>17</sup>



## Verndargildi

---

Brúin yfir Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði var sögð mesta brúarmannvirki hér á landi þegar hún var smíðuð á árunum 1946-1947, 104 metra löng hengibrú. Brúin er mikilvægur minnisvarði um stórhug í brúargerð á fyrstu árunum eftir að Ísland varð sjálfstætt ríki og er hún því merkileg fyrir sögu vegagerðar hér á landi á tuttugustu öld. Brúin er í notkun fyrir bílaumferð á Hringveginum (1) og ekki þarf að fara í aðgerðir til verndunar á henni.



---

<sup>17</sup> *Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar*, 13. tbl. 2003, bls. 8. *Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar*, 22. tbl. 2004, bls. 8. *Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar*, 26. tbl. 2004, bls. 4. Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 262-264.

## 8. Gilsá á Jökuldal - Minjabrú

---



### Lýsing

---



Brúin yfir Gilsá liggur á Jökuldalsvegi (vegur 923) skammt frá Hringveginum (1). Hún er 24 metra löng einbreið steinsteypt bogabrá. Brúin var aflögð árið 1972 þegar ný gerð sperrubrúar var byggð yfir Gilsá, 102 metra löng.

## Sögulegt yfirlit

---

Árið 1934 var byggð steinsteypt bogabrá yfir Gilsá á Jökuldal. Fyrir var á ánni gömul sperrubrú. Fyrst var áin brúuð ofar í gílinu árið 1896 en þá brú tók af í snjóflóði árið 1910. Litlu síðar var byggð ný brú og sést vel í hleðslu úr stöpli hennar við hlið gömlu brúarinnar sem enn stendur og var reist árið 1934. Upprunalegar steinbogabryr frá þessum tíma eru ekki margar hér á landi svo það er vel þess virði að huga að verndun hennar.<sup>18</sup>



## Verndargildi

---

Brúin gegnir engu hlutverki í dag, enda er hún afar illa farin. Hún nýtist því hvorki sem göngubrú né reiðbrú. Hægt væri að finna brúnni hlutverk til framtíðar, enda er hún merkur minnisvarði um sögu samgangna á fyrri hluta tuttugustu aldar. Þarna eru samankomnar þrjár kynslóðir brúa, stöplar gömlu sperrubrúarinnar sem reist var skömmu eftir 1910, bogabráin frá árinu 1934 og sperrubrúin sem reist var árið 1972. Hlaðnir stöplar gömlu sperrubrúarinnar falla undir ákvæði Minjastofnunar um friðuð hús og mannvirki. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tók gildi 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð.<sup>19</sup>

---

<sup>18</sup> Hjörleifur Guttormsson: *Árbók Ferðafélags Íslands 1987*, bls. 85. Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 329.

<sup>19</sup> Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: [Minjastofnun.is](http://Minjastofnun.is).







## 9. Jökulsá á Brú hjá Hákonarstöðum - Minjabrú

---



### Lýsing

---

Gamla brúin yfir Jökulsá á Brú við Hákonarstaði í Jökuldal er 27,4 metra löng grindarbitabrú auk landhafs, byggð árið 1908. Akbrautarbreidd hennar er 2,8 metrar. Brúin stendur við bæinn Hákonarstaði, á Klausturselsvegi á Jökuldalsvegi (vegur 923). Brúin var hækkuð árið 1953. Langbitar og gólf voru endurnýjuð árið 1976. Hún var gerð upp árið 2008, í tilefni 100 ára afmælis brúarinnar. Stálvirki brúarinnar var framleitt í Ameríku.<sup>20</sup>




---

<sup>20</sup> [Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá á Þjóðvegum](http://Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá_á_Þjóðvegum).

## Sögulegt yfirlit

---

Jökulsá á Brú var íbúum héraðsins og ferðamönnum farartálmi um aldir. Þegar Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson ferðuðumst um Ísland um miðja 18. öld var brúin á Jökulsá á Brú hjá Fossvöllum eina brúin á landinu. Þar reyndist eina hentuga brúarstæðið. Fyrsta tillaga að brú yfir Jökulsá hjá Hákonarstöðum var bygging trébrúar frá árinu 1903. Fjárveiting úr landsjóði til brúargerðar fékkst árið 1906 allt að 3000 krónur, en þó aldrei meir en



hellingur kostnaðar. Sýslu- og sveitasjóður varð því að leggja til það sem upp á vantaði. Landsverkfræðingi hugnaðist ekki bygging trébrúar og mælti eindregið með byggingu stálbrúar. Hann aflaði tilboða í hengibrú en þótti það hátt og hugkvæmdist að fá tilboð frá Stefáni B. Jónssyni, umboðsmanni fyrir amerískar stálbrýr. Sumarið 1904 hóf Stefán B. Jónsson að auglýsa hér stálbrýr framleiddar í Ameríku. Hann hafði flust vestur um haf ungur að árum en var nú kominn heim og flutti til landsins ýmsar nýjungar. Stefán var í sambandi við félag í Ameríku sem annaðist sölu á framleiðslu sjö stórra stálfyrirtækja, meðal annars brýr. Brýrnar voru fánlegar í hvaða lengd sem var, breiddin var um 3,5 metrar en hægt var að fá þær mjórri. Verð á amerísku brúnum var mun hagstæðara en verð á þeim járnbrúm sem menn höfðu átt kost á. Sumarið 1904 sendi Stefán Stjórnarráðinu tilboð um stálbrýr og voru þau send verkfræðingi landsins. Teikningar frá American Bridge Company of New York sýndi traustlegar brýr sem auk þess virtust tiltölulega ódýrar. Árið 1906 var Stefán fenginn til þess að útvega brú á Jökulsá á Dal hjá Hákonarstöðum. Hann bauð fram fasta stálbrú tilbúna til samsetningar frá Ameríku fyrir 3600 krónur og skyldi brúin afhent á Vopnafirði. Þá var eftir að telja



flutningskostnað frá Vopnafirði til Hákonarstaða. Eina leiðin til að flytja brúna var flutningur á hestum. Taldist flutningur efnis 264 hestburðir sem má áætla 26-27 tonn. Þar var um að ræða stálið, timbur í brúargólf og verkpalla og að auki níu tonn af sementi. Flutningur efnis fór fram veturinn 1907-1908. Leiðinni var skipt þannig að bændur í Vopnafirði sáu um flutning að Háreksstöðum í Jökuldalsheiði, en þar tóku Jökuldælir við honum og fluttu efnið til Hákonarstaða. Flutningskostnaður má áætla að hafi endað í um 2000 krónum, sem er hátt hlutfall af brúarverðinu. Litlar heimildir eru um framkvæmdir við brúarstæðið en brúin var reist sumarið 1908. Alls nam kostnaður við brúna 8995,79 krónum. Reyndist Hákonarstaðabrúin eina stálbrúin sem Stefán B. Jónsson útvegaði frá Ameríku. Brúin hefur þjónað íbúum Jökuldals og ferðamönnum æ síðan en árið 1934 varð fyrst bílfært milli Norður- og Austurlands þegar Gilsá á Jökuldal var brúuð. Með aukinni bílaumferð var nauðsynlegt að gera breytingar á brúnni. Árið 1953 voru steyptar nýjar undirstöður og grindin sett hærra. Einnig var bætt við landhafi við norðurenda brúarinnar. Upprunalegi hluti brúarinnar er því stálgrindin yfir ána. Skipt hefur verið út langbitum í gólfi. Handrið hefur verið endurnýjað að öllu leyti. Gömlu undirstöðurnar á norðurbakkanum, hlaðnir grjótstallar með steypulími, sjást enn undir grindarendanum. Leyfður öxulþungi yfir brúna er sjö tonn sem þykir dagott miðað við aldur hennar.<sup>21</sup>



---

<sup>21</sup> Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar, 24. tbl. 2008, bls. 4-5. Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar, 17. tbl. 2015, bls. 2. Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 144-147 og 153.

## Verndargildi

---

Brúin yfir Jökulsá hjá Hákonarstöðum er elsta brú á Íslandi sem enn er í notkun fyrir bílaumferð. Hún getur enn átt sér langa framtíð í þjónustu fyrir íbúa Jökuldals og sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn vegna merkilegrar sögu hennar. Brúin yfir Jökulsá hjá Hákonarstöðum fellur undir ákvæði Minjastofnunar um friðuð hús og mannvirki. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tók gildi 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð.<sup>22</sup>



---

<sup>22</sup> Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: [minjastofnun.is](http://minjastofnun.is)

## 10. Eyvindará við Egilsstaði - Minjabrú

---



### Lýsing

---

Gamla brúin yfir Eyvindará við Egilsstaði er steinsteypt bogabrú byggð árið 1919. Lengd hennar er sextán metrar og akbrautarbreidd hennar er 3,4 metrar. Brúin var breikkuð árið



1955 og timburgólf sett á brúna árið 1958. Ný brú var byggð yfir Eyvindará árið 2001 og þá var gamla brúin aflögð. Hún nýtist nú sem göngu- og reiðbrú. Brúin liggur á veginum til Seyðisfjarðar (vegur 93) í útjaðri Egilsstaða.<sup>23</sup>

---

<sup>23</sup> [Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá utan þjóðvega](http://Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá%20utan%20þjóðvega).

## Sögulegt yfirlit

---

Brúin yfir Eyvindará við Egilsstaði var byggð árið 1919. Áður var trésperrubrú á ánni, líklega byggð árið 1879. Brúin var breikkuð árið 1955 og timburgólf var sett á hana árið 1958. Þannig var hún í notkun til ársins 2001 en þá var byggð ný brú yfir Eyvindará aðeins neðar í ánni. Gamla brúin er nú notuð sem göngubrú á vinsælu útivistar- og göngusvæði við ána.<sup>24</sup>



## Verndargildi

---

Brúin yfir Eyvindará fellur undir ákvæði Minjastofnunar um friðuð hús og mannvirki. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tók gildi 1. janúar 2013



eru öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð.<sup>25</sup>

---

<sup>24</sup> Framkvæmdafréttir, 3. tbl. 2014, bls. 7.

<sup>25</sup> Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: [minjastofnun.is](http://minjastofnun.is)





## 11. Slenjubrú - Minjabrú

---



### Lýsing

---

Slenjubrú liggur skammt frá veginum um Slenjudal á milli Egilsstaða og Mjóafjarðar (vegur 953). Leiðin til Eskifjarðar ofan af Héraði lá um aldir um Eyvindardal, yfir ána Slenju og þaðan inn Tungudal yfir Eskifjarðarheiði. Brúin yfir ána Slenju er göngubrú, trébrú á hlöðnum stöplum, reist árið 1899, þó er tréverk brúarinnar mun yngra.



### Sögulegt yfirlit

---

Eskifjarðarheiði var um aldir meginkaupstaðarleið Héraðsbúa. Nú er heiðin fáfarin nema ferðamönnum sem njóta þess að ganga þessa fallegu gönguleið yfir Eskifjarðarheiði. Leiðin er nú vel merkt gönguleið. Þegar komið er yfir Eyvindará og halla tekur upp í Slenjudalinn komum við að brúnni yfir Slenju. Slenja er lítil á en straumhörð og stórgrýtt. Hún var því oft erfið yfirferðar, einkum í rigningartíð og leysingum. Auk þess var vegurinn allfjölfarinn.

Þessi brú er byggð af Páli Jónssyni, sem var reyndur vegagerðarmaður og hafði mælt fyrir og stjórnað vegagerð á Vestdalsheiði, Fjarðarheiði og Eskifjarðarheiði frá sumrinu 1890. Brúin yfir Slenju var reist árið 1899 og standa undirstöður og brúarstóplar enn óhaggaðir. Breidd brúarinnar milli stólpa er um 170 sentimetrar. Tréverk brúarinnar er hins vegar mun yngra, enda grandaði áin brúnni margoft svo endurbyggja þurfti tréverkið reglulega. Fyrst var reist brú yfir ána Slenju árið 1868.<sup>26</sup>



## Verndargildi

---



Brúin yfir Slenju fellur undir ákvæði Minjastofnunar um friðuð hús og mannvirki. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tók gildi 1. janúar 2013 eru öll hús og

mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð.<sup>27</sup>

<sup>26</sup> Hjörleifur Guttormsson: *Árbók Ferðafélags Íslands 1974*, bls. 137-138. Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 45-47.

<sup>27</sup> Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: [minjastofnun.is](http://minjastofnun.is)



## 12. Dalatangavitar - Viti

---



### Lýsing

---

Dalatangavitarnir tveir standa yst á Dalatanga, milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar. Eldri vitinn á Dalatanga er steinhlaðið hús, 4,96 metrar að lengd og 4,08 metrar á breidd, byggt árið 1895. Gamli vitinn hefur verið gerður upp og hefur verið í vörslu Sjóminjasafns Austurlands frá árinu 1985. Á vitahúsi gamla vitans er bárujárnsklætt risþak og reykrör á



norðurhlið. Upp af framstafni er lágt ferstrent ljóshús með gleri á þremur hliðum. Inn af útidyrum er lítil forstofa og inn af henni við vesturgafli er hálfniðurgrafin stein-

olíugeymsla. Ofan á henni er geymsluhilla opin að forstofu. Þverþil er á milli forstofu og herbergis vitavarðar í vesturhluta hússins, þar er lítill kolaofn úti í horni. Innst í herberginu er þverþil að skoti undir ljóshúsi og á því lítið gat með hlera. Úr skotinu er opið upp í ljóshúsið og inn á loft yfir herbergi. Þverþil eru smíðuð úr timbri og klædd panelborðum, steinveggir í herbergi eru klæddir panelborðum og loft yfir því er panelklætt neðan á bita. Húsið er ómálað að innan.

Yngri vitinn á Dalatanga var tekinn í notkun árið 1908. Hann er siglingaviti í eigu og umsjá Siglingastofnunar Íslands. Sjónarlengd vitans er 14 sjómíllur, ljóshæð yfir sjávarmáli er 19 metrar og vitahæð er 9,5 metrar. Vitinn er sex metra hár ferstrendur, kónískur turn úr steinsteypu. Í vitann var komið fyrir sívölu dönsku ljóshúsi, steinolúlampa með tveimur hringkveikjum og einfaldri snúningslinsu. Hvíldi hún í kvikasilfursbaði og var snúið með lóðum.



## Sögulegt yfirlit

---

Yst á Dalatanga lét Ottó Wathne, útgerðarmaður á Seyðisfirði, byggja vita fyrir eigin reikning árið 1895.

Danska vitamála- stofnunin styrkti framkvæmdina með því að leggja til steinolú- lampa og spegil sem verið höfðu í vitanum á Sletterhage í Dan-



mörku. Landsjóður kostaði rekstur vitans. Hönnuður vitans er óþekktur en Sigurður Sveinsson steinsmiður hlóð hann. Vitinn var tekinn úr notkun árið 1908, féll í vanhirðu en var endurbyggður árið 1985-87. Hann er elsta vitamannvirki hér á landi.

Árið 1908 var byggður steinsteyptur viti á Dalatanga eftir teikningum Thorvalds Krabbe verkfræðings. Árið 1917 voru byggð hljóðviti og vélahús við ljósvitann. Þegar vitinn var reistur árið 1908 var jörðin Grund keypt til nota fyrir vitavörð og einnar hæðar bárujárnsklætt timburhús byggt fyrir hann. Þegar hljóðvitinn var tekinn í notkun árið 1917 þurfti aukið mannhald til eftirlits með vitunum og var þá hæð byggð ofan á íbúðarhúsið. Árið 1954 var byggt steinsteypt íbúðarhús fyrir vitavörð auk fjárhúss og hlöðu árið 1959. Árið 1994 hætti Vitastofnun Íslands að bera kostnað af búsetu á Dalatanga og var jörðin leigð ábúendum sem jafnframt eru vitaverðir.<sup>28</sup>

Vitaverðir á Dalatanga frá upphafi:<sup>29</sup>

- |  |           |
|--|-----------|
| • Helgi Hávarðsson (f. 1865)             | 1899-1922 |
| • Vilhjálmur Svanberg Helgason (f. 1888) | 1922-1958 |
| • Helgi Vilhjálmsson                     | 1958-1959 |
| • Halldór Víglundsson (f. 1911)          | 1959-1967 |
| • Tómas Zoëga (f. 1946)                  | 1967-1968 |
| • Erlendur Magnússon (f. 1930)           | 1968-1994 |
| • Elfríður Pálsdóttir (f. 1930)          | 1976-1994 |
| • Marsibil Erlendsdóttir (f. 1960)       | 1994-     |



<sup>28</sup> Guðmundur Bernóðusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson: *Vitar á Íslandi*, bls. 332-334. [Minjastofnun.is/Hús og mannvirki/Friðlýst hús og mannvirki/Austurland/Dalatangaviti](http://Minjastofnun.is/Hús_og_mannvirki/Friðlýst_hús_og_mannvirki/Austurland/Dalatangaviti). [Sjominjar.is/Vitar/Austfirðingafjórðungur/Dalatangavitar](http://Sjominjar.is/Vitar/Austfirðingafjórðungur/Dalatangavitar). Páll Ásgeir Ásgeirsson: *101 Ísland*, bls. 64.

<sup>29</sup> Guðmundur Bernóðusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson: *Vitar á Íslandi*, bls. 156.

## Verndargildi

---

Gamli Dalatangaviti, sem reistur var árið 1895, er elsta varðveitta vitamannvirki á Íslandi. Vitinn var friðaður af menntamálaráðherra 6. júlí 2006 samkvæmt 1.mgr. 3.gr. laga um húsafriðun nr.104/2001. Friðunin tekur til ytra og innra borðs vitans. Yngri Dalatangaviti er friðaður enda ríflega 110 ára gamall. Er hann einnig meðal elstu vita á Íslandi. Hann er í fullri notkun sem siglingaviti og nýtur því reglubundins viðhalds. Ekki er þörf á sérstökum aðgerðum til verndar vitunum tveimur á Dalatanga.





## 13. Gilsá á Völlum - Minjabrú

---



### Lýsing

---



Brúin yfir Gilsá á Völlum liggur á Upphéraðsvegi (vegur 931) skammt frá Hallormsstaðaskógi á Héraði. Hún er tíu metra löng járnbrú, byggð árið 1907-1908. Ný brú var byggð yfir Gilsá árið 1956.

### Sögulegt yfirlit

---

Fyrsta járnbrúin sem var að öllu leyti íslensk smíð var brúin yfir Gilsá á Völlum. Þar var fyrir trébrú. Árið 1906 var trébrúin orðin svo léleg að efast var um að hún héldi eitt árið enn. Að ósk sýslunefndar rannsakaði Jón Þorláksson brúarstæðið og staðfesti að brúin væri illa farin og skemmd. Hún var svo lág að ísrek hafði náð til hennar og skemmt hana. Fast hjá henni var hagstætt brúarstæði sem lá það hátt að brú þar yrði fullkomlega óhætt fyrir ísreki.

Þar mátti gera akveg að henni ef hlaðnir væru eins metra háir stöplar undir hana. Lengd hennar yrði tíu metrar. Í greinargerð Jóns Þorlákssonar til Stjórnarráðsins haustið 1906 leggur hann til að ný brú yfir Gilsá sé smíðuð úr járni og jafnframt verði reynt að fá hana smíðaða hér á landi. Nokkru lengri tíma tók að koma nýju brúnni á sinn stað en áætlað var í upphafi. Gerður var sam-



ingur við Þorkel Þ. Clementz vélfræðing hinn 31. desember 1906 um smíðina. Skyldi smíði hennar vera lokið fyrir miðjan apríl 1907. Ýmiss óhöpp urðu til þess að erfiðlega gekk að útvega járn í brúarsmíðina og var verkinu ekki lokið fyrr en um vorið 1908. Stöplarnir voru að mestu leyti gerðir sumarið 1907. Norskur verkfræðingur, Svein Medhus stjórnaði brúarsmíðinni, en hann var aðstoðarmaður Jóns Þorlákssonar um þetta leyti. Reikningur fyrir gerð stöpla hljóðaði upp á 561,30 krónur en yfirbyggingin kostaði 550 krónur.<sup>30</sup>



<sup>30</sup> Hjörleifur Guttormsson: *Árbók Ferðafélags Íslands 1987*, bls. 55. Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 171-172.

## Verndargildi

---

Brúin yfir Gilsá á Völlum var byggð á árunum 1907-1908 og hefur hún því ótvírætt minjagildi vegna aldurs. Hún er auk þess einstæð fyrir þá sök að hún er fyrsta járnbrúin sem er að öllu leyti íslensk smíð. Brúin er nú mjög illa farin eins og ljósmyndirnar bera með sér og ekki má bíða lengi með að endurgera brúna enda er hún mikilvæg sögu vegagerðar hér á landi. Brúin yfir Gilsá á Völlum fellur undir ákvæði Minjastofnunar um friðuð hús og mannvirki. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tók gildi 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð.<sup>31</sup>



---

<sup>31</sup> Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: [minjastofnun.is](http://minjastofnun.is)

## 14. Lagarfljótsbrú - Minjabrú

---



### Lýsing

---

Lagarfljótsbrú er á Hringveginum (1) við Egilsstaði. Hún er tvíbreið, 301 metra löng og sex metra breið. Hún var byggð árið 1958 á stöplum eldri trébrúar frá árinu 1905.<sup>32</sup>

### Sögulegt yfirlit

---



Um miðja tuttugustu öld var lengsta brú landsins, Lagarfljótsbrúin, farin að láta á sjá enda ekki gerð fyrir þá þungu umferð sem hún varð að bera, þá orðin 45 ára gömul, byggð árið 1905. Árið 1951 ályktaði fjórðungsþing Austfjarða að tími væri kominn til að endursmíða hana. Árið 1955 var hafinn undirbúningur að gerð

nýrrar brúar yfir fljótið. Þegar íshella braut ísbrjótana fjóra skömmu fyrir páska það ár og við lá að brúna tæki af var ekki lengur til setunnar boðið, hefjast yrði handa þá um sumarið.

---

<sup>32</sup> [Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá á þjóðvegum](http://Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá_á_þjóðvegum).

Byrjað yrði á að steypa alla stöplana, þrjátíu að tölu, en verkinu deilt niður á þrjú ár. Lokið yrði við tíu stöpla þetta ár og byrjað við vesturbakkann en þar voru staupraokarnir einna lélegastir og þar voru ísbrjótarnir sem brotnað höfðu. Þegar þurfa þætti yrði nýjum stálbitum komið á með gólfi úr gegndreyptum viði. Akbrautin yrði tvíbreið. Heildarkostnaður var áætlaður um 4,5 milljónir króna. Fé var veitt til verksins af fjárlögum undir sérstökum lið sem ætlaður var til endurbyggingar gamalla stórbrúa. Verkinu miðaði vel áfram og í nóvember 1955 var lokið við að steypa tíu stöpla. Haustið 1956 var lokið við að steypa alla stöpla brúarinnar. Í maí 1958 kom Þorvaldur Guðjónsson brúarsmiður austur til þess að leggja lokahönd á verkið og var brúin vígð það ár. Brúin yfir Lagarfljót er nú sjöunda lengsta brú landsins en hún var lengst brúa á Íslandi þar til Skeiðarárbrú var vígð árið 1973.<sup>33</sup>



---

<sup>33</sup> Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 277-281 og 327.

## Verndargildi

---

Lagarfljótsbrú við Egilsstaði var lengsta brú landsins þegar hún var smíðuð, 301 metri að lengd. Þeim titli hélt hún allt fram til ársins 1973 þegar Skeiðarárbrú var vígð. Brúin er mikilvægur minnisvarði um stórhug í brúargerð á fyrstu árunum eftir að Ísland varð sjálfstætt ríki. Er brúin merkileg fyrir sögu vegagerðar hér á landi á tuttugustu öld. Brúin er í notkun fyrir bílaumferð á Hringveginum (1) og ekki þarf að fara í aðgerðir til verndunar á henni. Ráðgert er að hefja smíði nýrrar lagarfljótsbrúar á tímabilinu 2024-2028.



## 15. Jökulsá á Dal hjá Fossvöllum - Minjabrú

---



### Lýsing

---

Gamla brúin á Jökulsá á Dal (Brú) hjá Fossvöllum er 26 metra löng steipt bogabrá, byggð árið 1931. Akbrautarbreidd hennar er 3,38 metrar. Hún var aflögð árið 1994 þegar ný brú yfir Jökulsá á Dal var tekin í notkun og þjóðvegurinn færður. Brúin nýtist nú sem göngubrú.<sup>34</sup>

### Sögulegt yfirlit

---

Jökulsá á Dal (Brú) var íbúum héraðsins og ferðamönnum farartálmi um aldir. Þegar Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson ferðuðumst um Ísland um miðja 18. öld var brúin á Jökulsá á Dal (Brú) hjá Fossvöllum eina brúin á landinu. Þar reyndist eina hentuga brúarstæðið. Heimildir eru um að brú hafi ætíð verið á ánni við Fossvelli, meðal annars er brúar við

---

<sup>34</sup> [Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá utan þjóðvega](http://Vegagerðin.is/Vegakerfið/Brýr/Brúaskrá%20utan%20þjóðvega).

Fossvelli getið í Íslandslýsingu Odds Einarssonar frá árinu 1589. Gamla steinsteypa



bogabrúin var byggð árið 1931 og tók við hlutverki gamallar trébrúar sem hafði verið reist um hálfri öld fyrr. Hinn 13. september 1931 vígði Páll Hermannsson alþingismaður brúna. Að athöfn lokinni bauð Páll öllum samkomugestum heim til Fossvalla til kaffi-drykkju. Nýja brúin var á sama stað og sú gamla en

byggð yfir henni. Gamla brúin var látin bera uppi steypumótin meðan steyp var en fyrir vikið var ógreitt að komast yfir hana nema gangandi. Það hleypti illu blóði í ýmsa enda brúin nauðsynleg við alla aðrætti. Ný brú var byggð á Jökulsá við Fossvelli árið 1994 og var þá vegurinn að gömlu brúnni lagður af sem aðalleið um Austurland. Gamla brúin þjónar nú hlutverki göngubrúar yfir ána.<sup>35</sup>



<sup>35</sup> Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar, 8. tbl. 2014, bls. 15. Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar, 17. tbl. 2015, bls. 4. Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 234.



## Verndargildi

---

Brúin yfir Jökulsá við Fossvöllum er steinbogabrá, byggð árið 1931. Skipt hefur verið um handrið á henni og handriðið hækkað. Hún stendur á afar fögru útivistasvæði þar sem virða má fyrir sér gljúfur Jökulsár. Hún er nú notuð sem göngubrú. Hún er í ágætu ásigkomulagi og ekki er sérstök þörf á aðgerðum til verndunar brúnni eins og er.



## 16. Miðfjarðará á Langanesi – Minjabrú

---



### Lýsing

---



Brúin yfir Miðfjarðará á Langanesi er steinsteypt bogabré byggð árið 1916. Hún er um tuttugu metra löng og um 2,6 metra breið. Miðfjarðará liggur á Norð-austurvegi (vegur 85) um það bil miðja vega milli

Þórshafnar og Bakkafjarðar. Miðfjarðará er mesta vatnsfall á Langanesströnd og er hún góð laxveiðiá. Brúin stendur skammt frá Þjóðveginum, á veginum að Miðfjarðarnesseli.

### Sögulegt yfirlit

---

Á árunum 1912-1915 var ráðist í smíði fjölmargra steinsteyptra brúa hér á landi og árið 1915 voru steinsteyptar brýr lengri en tíu metrar orðnar 47 talsins. Steinsteyptar brýr reyndust víða ódýrari en járnbrýr enda steypuefni oftar en ekki við höndina í árfarvegum og melum svo að einungis þurfti að flytja sement að brúarstæðinu. Auk þess þurfti litlu að kosta til viðhalds þeirra um langan aldur. Flutningur á þungum járnstöngum í bitabrýr eða

hengibrýr var aftur á móti víða mjög örðugur. Árið 1914 var byggð steinsteypt bogabrá yfir Miðfjarðará á Langanesi. Sú brú stóð stutt því einungis ári síðar, eða aðfaranótt 26. maí 1915 féll brúin í vorleysingum. Sú brú hafði verið byggð af brúarsmiðnum Einari Einarssyni. Vöxtur í ánni þótti ekki óvenju mikill en við það gróf undan öðrum stöplinum, sem seig og lét undan bogaspyrnunni. Við það féll brúin. Samþykkt var á Alþingi 21. ágúst 1915 að veita 7000 krónur til byggingar nýrrar brúar yfir Miðfjarðará og sumarið 1916 var lokið við smíði steinsteyptrar bogabráar yfir ána. Á fundi sveitastjórnar Langanesbyggðar 9. júní 2016 var samþykkt svohljóðandi bókun:

Nú líður að því að bogabráin yfir Miðfjarðará verði 100 ára. Færa má góð rök fyrir því að umrædd brú sé merkur minnisvarði um samgöngur fyrri tíma. Í tilefni af aldarafmæli brúarinnar leggur N-listinn til að Vegagerðin hafi forgöngu um uppgerð brúarinnar og færi hana með því til upprunalegs útlits [...] Sveitastjórn Langanesbyggðar tekur undir mikilvægi málsins og felur Menningarnefnd að vinna málið áfram með sveitarstjóra ásamt því að koma málinu á framfæri við Vegagerðina.<sup>36</sup>

Vonandi nær þetta verkefni fram að ganga fyrr en síðar og brúin verði gerð upp enda er hún mikilvægur minnisvarði um sögu brúargerðar á fyrstu áratugum 20. aldar<sup>37</sup>



---

<sup>36</sup> [Langanesbyggd.is/Fundargerdir/Sveitarstjorn/2016/9. júní 2016.](http://Langanesbyggd.is/Fundargerdir/Sveitarstjorn/2016/9.juni.2016)

<sup>37</sup> *Verkamaðurinn*, 6. september 1963, bls. 14-15. [Langanesströnd.is/seinnibrú.pdf](http://Langanesstrond.is/seinnibrú.pdf). Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 191-192. *Vísir* 22. ágúst 1915, bls. 1.

## Verndargildi

---

Brúin yfir Miðfjarðará á Langanesi er steinsteypt bogabrá byggð árið 1916. Hún þarfnast viðhalds enda orðin rúmlega eitt hundrað ára gömul. Hún fellur undir ákvæði Minjastofnunar um friðuð hús og mannvirki. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tók gildi 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð.<sup>38</sup>



---

<sup>38</sup> Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: [minjastofnun.is](http://minjastofnun.is)

# Heimildaskrá

## Ritaðar heimildir

---

*Brúaskrá á þjóðvegum.* Vegagerðin 2016.

*Brúaskrá utan þjóðvega.* Vegagerðin 2016.

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757.* Annað bindi. Reykjavík 1981.

*Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar.* 13. tbl. 2003. Bls. 8.

*Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar.* 15. tbl. 2015. Bls. 11.

*Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar.* 17. tbl. 2015. Bls. 2.

*Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar.* 18. tbl. 2013. Bls. 7.

*Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar.* 22. tbl. 2004. Bls. 8.

*Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar.* 24. tbl. 2008. Bls. 4-5.

*Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar.* 26. tbl. 2004. Bls. 4.

*Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar.* 3. tbl. 2014. Bls. 7.

*Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar.* 8. tbl. 2014. Bls. 15.

Guðmundur Bernóðsson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson, *Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002.* Kópavogur 2002.

Hjörleifur Guttormsson, *Árbók Ferðafélags Íslands 1974. Austfjarðafjöll.* Ritstjóri: Páll Jónsson. Reykjavík 1974.

Hjörleifur Guttormsson, *Árbók Ferðafélags Íslands 1987. Norð-Austurland - Hálendi og eyðibýggðir.* Ritstjóri: Þorleifur Jónsson. Reykjavík 1987.

Jóhann Skaptason, *Árbók Ferðafélags Íslands 1969. Suður-Þingeyjarsýsla vestan Skjálfandafljóts og Fljótsheiðar.* Ritstjóri: Páll Jónsson. Reykjavík 1969.

Páll Ásgeir Ásgeirsson, *101 Ísland. Áfangastaðir í alfaraleið.* Reykjavík 2009.

Sveinn Þórðarson, *Brýr að baki. Brýr á Íslandi í 1100 ár.* Reykjavík 2006.

*Vegahandbókin.* Ritstjórar: Eva Hálfðanardóttir, Hálfðan Örlygsson og Örlygur Hálfðanarson. Reykjavík 2012.

*Verkamaðurinn.* 20. september 1968. Bls. 3.

*Verkamaðurinn.* 6. september 1963. Bls. 14-15.

*Vísir.* 253. tbl. 22. ágúst 1915. Bls. 1.

## Vefsíður

---

Fréttavefur Langanesbyggðar: [Langanesbyggð.is/Fundargerðir/Sveitarstjórn/2016/9](http://Langanesbyggð.is/Fundargerðir/Sveitarstjórn/2016/9).  
júni 2016.

[Is.Wikipedia.org/Vaðlaheiði](http://Is.Wikipedia.org/Vaðlaheiði).

Upplýsingavefur Langanesstrandar: [Langanesstrond.is/seinni.brú.pdf](http://Langanesstrond.is/seinni.brú.pdf).

Vefsíða Minjastofnunar: [Minjastofnun.is](http://Minjastofnun.is).

Vefsíða Minjastofnunar: [Minjastofnun.is/Hús og mannvirki/Friðlýst hús og mannvirki/Austurland/Dalatangaviti](http://Minjastofnun.is/Hús_og_mannvirki/Friðlýst_hús_og_mannvirki/Austurland/Dalatangaviti).

Vefsíða norsku Vegagerðarinnar: [Vegvesen.no/Fag/Fokusomrader/Miljo+og+omgivelser/Nasjonal+verneplan](http://Vegvesen.no/Fag/Fokusomrader/Miljo+og+omgivelser/Nasjonal+verneplan).

Vefsíðan Sjóminjar Íslands:

[Sjominjar.is/Vitar/Austfirðingafjórðungurfjórðungur/Dalatangavitar](http://Sjominjar.is/Vitar/Austfirðingafjórðungurfjórðungur/Dalatangavitar)

[Vegagerðin.is/Framkvæmdir/Samgönguáætlun/Kynningarrit um samgönguáætlun 2011-2022](http://Vegagerðin.is/Framkvæmdir/Samgönguáætlun/Kynningarrit_um_samgönguáætlun_2011-2022).

## Ljósmyndir

---

Mynd af brúnni yfir Skjálfandafljót hjá Fosshóli í vetrarbúningi á bls. 27. Ljósmyndari:  
Piotr Krawczyk.

Aðrar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skýrsluhöfundi, Örnun Björk Stefánsdóttur.

## Kort

---

Yfirlitskort á bls. 4 er sótt á vef Landmælinga Íslands: [lmi.is/kort/skólakort/yfirlitskort](http://lmi.is/kort/skólakort/yfirlitskort)  
1:2 000 000.